

## **9. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar**

Níundi fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 17. nóvember 2024 kl. 9:00 í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Auk þess sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Eva Björk Valdimarsdóttir, biskupsritari og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn
2. Erindi frá Kjaranefnd Þjóðkirkjunnar
  - a. Undir liðnum kom formaður kjaranefndar, Einar Karl Haraldsson, á fund nefndarinnar.
  - b. Gerði hann grein fyrir innleiðingu á ákvæði kjarasamnings um vinnutíma og fyrirsjáanleika hans og þau vandkvæði sem upp hafa komið við þá innleiðingu.
  - c. Rætt var um að skipa nefnd til að tryggja innleiðinguna en ekki var talin þörf á því þar sem málið er í vinnslu hjá biskupsstofu. Fóru fram umræður um tilhögun innleiðingarinnar.
3. Málefni kirkjuþings
  - a. Undir liðnum kom Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þeim málum kirkjuþings sem eru í vinnslu milli funda kirkjuþings.
4. Móttökuhúsnæði biskups
  - a. GKH gerði grein fyrir fyrirhugaðri nýtingu móttökuhúsnæðis biskups og stöðu á framkvæmdum á húsnæðinu og húsgögnum. Fóru fram umræður um húsnæðið.
5. Yfirlit framkvæmdastjóra
  - a. Desjarmýri – söluheimild
    - i. BG gerði grein fyrir framvindu máls við sölu á hlut af Desjarmýri í kjölfar þess að samþykkt var söluheimild á kirkjuþingi. Kynnti hann kort af því landi sem mælt hefur verið upp og til stendur að selja ef um semst.
  - b. Skeggjastaðir – virkjun Staðarár
    - i. BG gerði grein fyrir umsögnum sem aflað hefur verið vegna mögulegrar virkunar Staðarár á Skeggjastöðum. Verður málið rætt á aðalsafnaðarfundum í næstu viku og verður málið rætt áfram þegar sú niðurstaða liggur fyrir.
  - c. Mælifell – Blöndulína
    - i. BG gerði grein fyrir nýju tilboði Landsnets vegna lagningar Blöndulínu 3.
  - d. Skálholt – yfirlit yfir framkvæmdir o.fl.

- i. BG gerði grein fyrir framlögum Þjóðkirkjunnar til Skálholts og afkomu staðarins samkvæmt ársreikningi. Fóru fram umræður um fyrirkomulag rekstrar staðarins.

GKH vék af fundi kl. 10:58.

e. Rekstraryfirlit

- i. BG gerði grein fyrir launayfirliti fyrstu 10 mánuða ársins 2024.

f. Sóknargjöld

- i. BG gerði grein fyrir fundi sínum og Drífu Hjartardóttur, forseta kirkjubings, með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og breytingatillögu nefndarinnar við fjárhæð sóknargjalda sem samþykkt var af Alþingi.
- ii. RV gerði grein fyrir fundi sínum með nefnd um endurskoðun sóknargjalda þar sem niðurstaðan var m.a. sú að núverandi framkvæmd sé ótæk.

6. Önnur mál

- a. BG kynnti minnisblað sem unnið var vegna kröfu fyrrum ábúanda í Reykholti.
- b. Undirritað var afsal vegna Bakkatúns 1 á Bíldudal. Eignin hafði verið seld 2014 en láðst að gefa út afsal.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:25.